

1996 nr. 90 13. júní**Lögregluglög**

Tóku gildi 1. júlí 1997. *Breytt með* l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 29/1998 (tóku gildi 29. apríl 1998), l. 78/1998 (tóku gildi 1. júlí 1998), l. 121/1999 (tóku gildi 30. des. 1999), l. 15/2000 (tóku gildi 28. apríl 2000), l. 49/2000 (tóku gildi 26. maí 2000), l. 155/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001), l. 56/2002 (tóku gildi 14. maí 2002), l. 44/2003 (tóku gildi 3. apríl 2003) og l. 56/2004 (tóku gildi 14. júní 2004).

I. kafli. Hlutverk lögreglu o.fl.**■ 1. gr. Hlutverk.**

□ 1. Ríkið heldur uppi starfsemi lögreglu.

□ 2. Hlutverk lögreglu er:

a. að gæta almannaoöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi,

b. að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir afhafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,

c. að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð opinberra mála eða öðrum lögum,

d. að greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta stöðjar að,

e. að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á,

f. að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu,

g. að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.

■ 2. gr. Tengsl við þjóðarétt.

□ Lögregla skal í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist.

■ 3. gr. Lögreglumenn.

□ Til lögreglumanna teljast þeir sem skipaðir eru eða settir til lögreglustarfs skv. 3. mgr. 28. gr. eða ráðnir tímabundið skv. 4. mgr. 28. gr.

II. kafli. Skipulag lögreglu og ædsta stjórn.**■ 4. gr. Ædsta stjórn lögreglu.**

□ Dómsmálaráðherra er ædsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði hans. [Ríkislögreglustjóri hefur aðsetur í Kópavogi, nema ráðherra ákveði annað.]¹⁾

¹⁾ L. 121/1999, 2. gr.

■ 5. gr. Ríkislögreglustjóri.

□ 1. Hlutverk ríkislögreglustjóra er:

a. að flytja og kynna lögreglustjórum boð og ákvarðanir ædstu handhafa ríkisvaldsins sem snerta starfsemi lögreglunnar með einum eða öðrum hætti og vinna að og fylgjast með að þeim ákvörðunum verði fylgt í starfsemi lögreglunnar,

b. að láta dómsmálaráðherra í té upplýsingar um hvers konar lögreglumálefni sem hann getur notað til að undirbúa og byggja ákvarðanir sínar á,

c. að gera tillögur til dómsmálaráðherra um almenn fyrirmæli til lögreglustjóra,

d. að vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar,

e. að annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu,

f. að veita lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum,

g. að annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhfæingu á landsvísu eða samstarf við lögreglu í öðru landi,

h. að hafa með höndum yfirstjórn eða gefa fyrirmæli um framkvæmd einstakra löggæsluverkefna sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku lögreglumanna úr fleiri en einu umdæmi. Ríkislögreglustjóri skal að fengnu samþykki dómsmálaráðherra tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða lögreglustjórum ákvörðun sína varðandi stjórn löggæsluverkefnis með hæfilegum fyrirvara,

[i. að halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dagbók lögreglu með upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur¹⁾ um þessar skrár].²⁾

[j. að fara með yfirstjórn almannavarna í umboði ráðherra að höfðu samráði við almannavarnaráð].³⁾

□ 2. Sérstök verkefni sem ríkislögreglustjóra ber að hafa með höndum eru:

a. að starfrækja lögreglurannsóknardeild sem rannsakar skatta- og efnahagsbrot,

b. að starfrækja lögreglurannsóknardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og ædstu stjórnvöldum þess og aðstoðar lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota . . .⁴⁾

c. að starfrækja almenna deild er annist kerfisbundna skráningu upplýsinga um lögreglumálefni, hafi umsjón með kaupum á ökutækjum, búnaði og fatnaði lögreglu og hafi reglulegt eftirlit með lögreglustöðvum, tækjum þeirra og búnaði,

d. að starfrækja alþjóðadeild er annist alþjóðleg boðskipti,

e. [að starfrækja rannsóknastofu sem hafi eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, þar með rekstri miðlægra gagnagrunna lögreglu á sviði tæknirannsókna, annist erlend samskipti vegna tæknirannsókna og samstarf, haldi skrá um horfið fólk og hafi umsjón með störfum kennslanefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur].⁵⁾

[f. að starfrækja áfengiseftirlitsdeild sem annist eftirlit með meðferð áfengis].⁶⁾

[g. að starfrækja almannavarnardeild sem annist verkefni á sviði almannavarna].³⁾

□ 3. Dómsmálaráðherra mælir nánar fyrir⁷⁾ um starfsemi ríkislögreglustjóra.

□ 4. Ríkislögreglustjóra til aðstoðar er vararíkislögreglustjóri. Hann er staðgengill ríkislögreglustjóra.

□ 5. Þegar ríkislögreglustjóri er svo við málsefni eða aðila riðinn að hann mætti eigi gegna dómastörfum í því skal hann víkja sæti og setur dómsmálaráðherra þá löghæfan mann til meðferðar þess máls.

¹⁾ Rg. 322/2001. ²⁾ L. 15/2000, 10. gr. ³⁾ L. 44/2003, 10. gr. ⁴⁾ L. 29/1998, 1. gr. ⁵⁾ L. 56/2004, 1. gr. ⁶⁾ L. 78/1998, 1. gr. ⁷⁾ Rg. 396/1997. Rg. 406/1997.

■ 6. gr. Lögregluumdæmi og stjórn þeirra.

□ 1. Landið skiptist í lögregluumdæmi sem fara saman við skiptingu þess í stjórnsluumdæmi. Sýslumenn eru lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi nema í Reykjavík þar sem lögreglustjórn er í höndum sérstaks lögreglustjóra. Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfa varalögreglustjóri.

□ 2. Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess.

□ 3. Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi. Um björgun sem heyrir undir skipulag almannaþinga gilda sérstök lög. Ráðherra setur reglur¹⁾ um samstarf lögreglu og björgunarsveita.

□ 4. Dómsmálaráðherra getur falið öðrum en hinum reglulega lögreglustjóra umdæmis að fara með lögreglustjórn þar tímabundið þegar sérstaklega stendur á.

□ 5. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja annan löghæfan mann í stað hins reglubundna lögreglustjóra til meðferðar einstaks máls.

¹⁾ Rgl. 289/2003.

■ 7. gr. Starfssvæði lögreglu.

□ 1. Lögreglumenn hafa lögregluvald hvar sem er á landinu.
□ 2. Starfssvæði lögreglumanns er það umdæmi sem hann er skipaður, settur eða ráðinn til þess að starfa í.

□ 3. Dómsmálaráðherra getur ákveðið að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum alls staðar á landinu. Hann setur reglur¹⁾ um störf þess lögregluliðs og hvernig stjórn þess skuli háttáð.

□ 4. Heimilt er að víkja frá ákvæði 2. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a. [Ríkislögreglustjóri getur ákveðið að höfðu samráði við lögreglustjóra að lögreglulið í einu umdæmi skuli tímabundið gegna lögreglustörfum í öðru umdæmi og ákveður þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess. Dómsmálaráðherra getur samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra kveðið á um skipulagt samstarf lögregluliða við framkvæmd og stjórnun ákveðinna löggæsluverkefna og miðlun mannafla milli lögregluliða á tilteknu svæði til að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu. Þá getur ráðherra samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra falið lögreglustjórum tímabundið tiltekin löggæsluverkefni utan síns umdæmis ef hagfellt þykir vegna staðháttanna.]²⁾

b. Lögreglumanni er heimilt að fara út fyrir starfssvæði sitt til þess að ljúka lögregluaðgerð sem hann hefur hafið innan þess. Á sama hátt getur lögreglumaður unnið lögregluverk utan umdæmis síns ef verkefnið krefst þess eða bryna nauðsyn ber til.

c. Lögreglumanni, sem er að störfum en á leið um annað lögregluumdæmi, er heimilt að hafa afskipti af mönnum sem hann stendur að lögbrotum.

□ 5. Lögreglumaður skal tilkynna yfirmanni sínum um aðgerðir sínar skv. b- og c-liðum 4. mgr. svo fljótt sem kostur er. Með sama hætti ber að tilkynna lögreglustjóra hlutaðeigandi umdæmis um aðgerðir lögreglumanns.

¹⁾ Rg. 774/1998, rg. 335/2005. ²⁾ L. 29/1998, 2. gr.

■ 8. gr. Lögreglurannsóknir.

□ 1. Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærendur.

□ 2. Rannsókn brots skal að jafnaði hefja í því umdæmi þar sem það er framið, sbr. þó ákvæði a- og b-liða 2. mgr. 5. gr.

□ 3. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur¹⁾ um í hvaða umdæmi brot skuli rannsakað, hvernig stjórn rannsóknar skuli háttáð, hvenær brot skuli rannsakað undir stjórn ríkislögreglustjóra skv. a-lið 2. mgr. 5. gr. og hvenær lögreglustjórum sé rétt að leita aðstoðar ríkislögreglustjóra við rannsókn skv. b-lið 2. mgr. 5. gr.

□ 4. [Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknum, samburðarrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum og varðveiti fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum landsins og setur ríkislögreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.]²⁾

¹⁾ Rg. 396/1997, sbr. 707/2005 og 894/2005. Rg. 406/1997. ²⁾ L. 56/2004, 2. gr.

■ 9. gr. Handhafar lögregluvalds.

□ 1. Ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar, varalögreglustjórnin í Reykjavík, skólustjóri Lögregluskóla ríkisins, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra og lögreglumenn fara með lögregluvald.

□ 2. Dómsmálaráðherra er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum.

□ 3. [Áhafnir varðskipa og gæsluflugvéla]¹⁾ fara með lögregluvald þegar þær annast eða aðstoða við löggæslu.

□ 4. [Tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og tollverðir fara með lögregluvald á sínu starfssviði og þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.]²⁾

□ 5. Hreppstjórar fara með lögregluvald samkvæmt lögum um hreppstjóra.

□ 6. Héraðslögreglumenn fara með lögregluvald þegar þeir gegna starfinu.

□ 7. Þeir sem kvaddir eru lögreglu til aðstoðar lögum samkvæmt fara með lögregluvald á meðan þeir gegna starfanum.

□ 8. Nemar í Lögregluskóla ríkisins fara með lögregluvald þegar þeir gegna lögreglustarfi.

¹⁾ L. 29/1998, 3. gr. ²⁾ L. 155/2000, 24. gr.

■ 10. gr. Héraðslögreglumenn.

□ 1. Lögreglustjóra er heimilt að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra að ráða héraðslögreglumenn til starfa í umdæmi sínu, enda fullnægi þeir skilyrðum í [a-, b-, c- og d-liðum 2. mgr. 38. gr. laganna].¹⁾

□ 2. Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæslustörfum þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi lögum og reglu á mannfundum og skemmtunum undir stjórn lögreglumanna.

□ 3. Dómsmálaráðherra setur reglur²⁾ um fjölda héraðslögreglumanna og störf þeirra.

□ 4. Héraðslögreglumenn njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og lögreglumenn á meðan þeir gegna lögreglustörfum.

¹⁾ L. 56/2002, 6. gr. ²⁾ Rg. 283/1997.

■ 11. gr. Samvinna lögreglu við önnur stjórnvöld og stofnanir.

□ 1. Lögreglan skal aðstoða ákærvaldið við störf þess.

□ 2. Lögregla og önnur stjórnvöld og stofnanir skulu hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast löggæslu, svo sem forvarnir. Sérstaklega skal lögregla vinna með félagsmálafyrirvöldum, heilbrigðisfyrirvöldum og menntamálaforvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra.

■ 12. gr. Samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga.

□ 1. Í hverju lögregluumdæmi skal starfa samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar. Í henni sitja þrjú menn: Lögreglustjóri viðkomandi umdæmis sem jafnframt er formaður nefndarinnar og tveir sveitarstjórnarmenn tilnefndir af hálfu sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu. Fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

□ 2. Nefndin er vettvangur fyrir samskipti og samvinnu lög-
reglunnar og sveitarfélaga í umdæminu. Hún gerir m.a. til-
lögur um úrbætur í málefnum sem varða löggæslu í umdæmi
hennar og beitir sér fyrir því að almenningi verði kynnt starf-
semi lögreglunnar.

III. kafli. Skyldur lögreglumanna og framkvæmd lög- reglustarfa.

■ 13. gr. Almennar reglur.

□ 1. Handhafa lögregluvalds ber að sýna árvekni í starfi sínu
og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem
starfinu fylgir.

□ 2. Handhafa lögregluvalds ber að rækja starfa sinn af kost-
gæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og
réttisýni. Þeir skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón,
óhagræði eða miski framur en óhjákvæmilegt er eftir því sem
á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann harðræði fram
yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna
bug á móttþróa hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan
hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem
með hótunum.

□ 3. [Við framkvæmd starfa sinna skulu handhafar lögreglu-
valds bera á sér sérstök skilríki. Ráðherra ákveður útlit, efni
og notkun lögregluskilríkja með reglugerð.¹⁾]²⁾

¹⁾ Rg. 282/1997. ²⁾ L. 29/1998, 4. gr.

■ 14. gr. Valdbeiting.

□ Handhöfum lögregluvalds er heimilt að beita valdi við
framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga
lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

■ 15. gr. Aðgerðir í þágu almannafríðar, allsherjarreglu o.fl.

□ 1. Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af borgurinum til
að halda uppi almannafríði og allsherjarreglu eða koma í veg
fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða
almenningss eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau.

□ 2. Í þessu skyni er lögreglu m.a. heimilt að taka í sínar
hendur umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo
sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, taka í
sínar vörslur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja fólk,
fyrirskipa stöðvun eða breytingu á aðgerðum eða starfsemi,
fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks
af þeim.

□ 3. [Ef uggvænt þykir að óspektir verði á mótmælafundi, í
kröfugöngu eða á annarri slíkri samkomu á opinberum stað
er lögreglu heimilt að banna að maður breyti andliti sínu eða
hylji það eða hluta þess með grímu, hettu, málningu eða öðru
þess háttar sem er til þess fallið að koma í veg fyrir að kennsl
verði borin á hann.]¹⁾

□ 4. Óhlýðnist maður fyrirmælum lögreglu [skv. 2. og 3.
mgr.]¹⁾ getur hún gripið til nauðsynlegra ráðstafana á hans
kostnað til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni
eða stofni almenningi í hættu.

□ 5. Lögreglu er heimilt að krefjast þess að maður segi til
nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til
sönnunar.

□ 6. Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af málefnum sem
samkvæmt lögum heyra undir önnur stjórnvöld ef það er talið
nauðsynlegt til að stöðva eða koma í veg fyrir alvarlega rösk-
un á almannafríði og allsherjarreglu og ekki næst til við-
komandi stjórnvalds eða aðgerðir af þess hálfu eru útilokað-
ar, þýðingarlausar eða fyrirsjáanlegt er að þær muni hefjast

of seint. Tilkynna skal hlutaðeigandi stjórnvaldi um aðgerðir
lögreglu svo fljótt sem auðið er.

¹⁾ L. 56/2002, 2. gr.

■ 16. gr. Heimild til handtöku.

□ 1. Handhafa lögregluvalds er heimilt að handtaka mann
og færa á lögreglustöð eða á annan stað þar sem lögregla
hefur aðstöðu:

a. í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu, svo sem
ef maður ærist á almannaferi eða veldur þar hneyksli eða
hættu á óspektum,

b. ef hann hefur hér ekki landvistarleyfi,

□ 2. Lögregla skal gera manni grein fyrir ástæðum þess að
hann er færður á starfsstöð lögreglu. Ekki má halda manni
lengur en nauðsyn ber til.

■ 17. gr. Leit á mönnum.

□ 1. Lögreglu er heimilt ef ástæða er til að leita að vopn-
um eða öðrum hættulegum munum á hverjum þeim sem fjar-
lægður er eða handtekinn af lögreglu.

□ 2. Sé maður vistaður í fangageymslu er lögreglu heimilt
að leita á honum og taka til varðveislu muni sem hann hefur
á sér og hann getur notað til þess að vinna tjón á sjálfum sér
eða öðrum. Ef ástand manns eða aðstæður að öðru leyti gefa
tilefni til er heimilt að taka af honum peninga og muni sem
hann hefur á sér og hætta þykir á að geti skemmst, eyðilagst
eða glatast.

□ 3. Verðmætum, sem lögregla tekur til varðveislu skv. 2.
og 3. mgr., ber að skila aftur þegar maður er látinn laus, enda
séu ekki skilyrði til að leggja hald á þau samkvæmt lögum
um meðferð opinberra mála.

■ 18. gr. Afskipti af börnum.

□ Lögreglu ber að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára
sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er al-
varleg hættu búin og koma þeim í hendur forsármanna eða
barnaverndaryfirvalda ef nauðsynlegt þykir.

■ 19. gr. Skylda til að hlýða fyrirmælum lögreglu.

□ Almanningi er skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan
gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda
uppi lögum og reglu á almannaferi.

■ 20. gr. Skylda til að aðstoða lögreglu.

□ 1. Ef nauðsyn ber til getur lögregla kvatt sér til aðstoð-
ar hvern fulltíða mann, þar á meðal til að afstýra óreglu
eða óspektum á almannaferi. Maður er skyldur til að hlýða
kvaðningu lögreglu ef hann getur veitt aðstoð án þess að
stofna lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum
sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.

□ 2. Þeir sem kvaddir eru lögreglunni til aðstoðar skv. 1.
mgr. fara með lögregluvald meðan þeir gegna starfinu og
njóta sömu verndar og aðrir lögreglumenn.

■ 21. gr. Bann við að tálma lögreglu í störfum sínum.

□ Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni lög-
reglustörfum.

■ 22. gr. Þagnarskylda.

□ 1. Lögreglumönnum og öðru starfslíði lögreglu ber þagnar-
skylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða
vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra al-
manna- eða einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um
einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga
sem varða starfshætti lögreglu og fyrirhugaðar lögregluað-
gerðir og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt
lögum, starfsreglum lögreglu eða eðli máls.

□ 2. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

■ **23. gr.** *Afskipti af eigin málum eða nákominna vanda-
manna.*

□ Starfsmanni lögreglu er í starfi sínu óheimilt að aðhafast í eigin málum eða nákominna vandamanna nema afskipti hans af máli séu nauðsynleg til verndar lífi eða heilsu manna eða eignum gegn yfirvofandi hættu eða hættu sé á að frestun aðgerðar muni leiða til þess að tilgangi hennar verði ekki náð.

■ **24. gr.** *Afskipti af vinnudeilum.*

□ Lögreglu er óheimilt að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar, eins og annars staðar, uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

■ **25. gr.** *Lögreglustörf utan vinnutíma.*

□ 1. Lögreglumanni er heimilt að sinna lögreglustörfum í frítíma sínum ef:

a. þess er þörf til verndar lífi eða heilsu fólks eða verulegum opinberum hagsmunum,

b. þess er þörf til að afstýra eða stöðva alvarlegt lögbot eða

c. þess er þörf til að handtaka megi mann sem grunaður er um alvarlegan refsiverðan verknað.

□ 2. Hafi lögreglumaður haft afskipti af máli skv. 1. mgr. ber honum tafarlaust að tilkynna það yfirmanni sínum. Hafi hann unnið slík verk utan starfsumdæmis síns skal hann tilkynna það lögreglustjóra þess umdæmis.

■ **26. gr.** *Heimild til að fela lögreglu tollgæslustörf.*

□ Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með samkomulagi við fjármálaráðherra að lögreglumenn skuli gegna tollgæslustörfum jafnframt öðrum löggæslustörfum eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og eftir reglum sem settar eru í samráði við tollgæslustjóra. Þar sem slík starfstílhögun er ákveðin skal þess getið í auglýsingu um starf lögreglumanns.

IV. kafli. [Um veitingu starfa í lögreglu og starfslok.]¹⁾

¹⁾ L. 56/2002, 4. gr.

■ **27. gr.** *Fjöldi lögreglumanna.*

□ Ráðherra ákveður á hverjum tíma í samráði við ríkislög-
reglustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi.

■ **28. gr.** *Veiting starfa í lögreglu.*

□ 1. [Ráðherra skipar til fimm ára í senn]¹⁾ ríkislög-
reglustjóra, vararíkislögreglustjóra, lögreglustjóra og varalög-
reglustjóra í Reykjavík.

□ 2. Ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglu-
stjórar og varalögreglustjóri í Reykjavík skulu fullnægja sömu almennum hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti. Þó eiga skilyrði um lágmarksaldur ekki við um lögreglustjórana og varalögreglustjóra í Reykjavík.

□ 3. [Dómsmálaráðherra skipar yfirlögregluþjóna og að-
stöðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn. Ríkislögreglu-
stjóri skipar aðra lögreglumenn til fimm ára í senn. Hver sá sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ráðherra setur í reglugerð²⁾ nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar.

□ 4. Ríkislögreglustjóri getur heimilað lögreglustjóra að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglu-
manna þó að hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 38. gr. laganna og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins er tiltækur í stöðuna.]³⁾

¹⁾ L. 83/1997, 31. gr. ²⁾ Rg. 49/2002, sbr. 164/2004. ³⁾ L. 29/1998, 5. gr.

■ **29. gr.** *Heitstafur.*

□ Allir lögreglumenn sem eru skipaðir eða ráðnir til starfa skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samvirkusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess.

■ **[29. gr. a. Starfslokaaldur.**

□ Lögreglumenn skulu leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð.]¹⁾

¹⁾ L. 56/2002, 3. gr.

V. kafli. Atriði sem varða starfskjör lögreglumanna.

■ **30. gr.** *Bótageiðslur.*

□ Ríkissjóður skal bæta lögreglumönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Greiða skal bætur fyrir missi framfaranda ef því er að skipta.

■ **31. gr.** *Bann við verkföllum.*

□ Lögreglumenn mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

■ **32. gr.** *Aukastörf.*

□ 1. Heimilt er að fela lögreglumanni að vinna fyrir sann-
gjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja.

□ 2. Áður en lögreglumaður hyggst, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra lögreglustjóra frá því. Innan tveggja vikna skal lög-
reglumanni skýrt frá því ef áður nefnd starfsemi telst ósam-
rýmanleg stöðu hans og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir ríkislögreglustjóra.

□ 3. Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 2. mgr. segir ef það er síðar leitt í ljós að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

□ 4. Við mat á því hvort starfsemi teljist ósamrýmanleg lög-
reglustarfi skal horft til þess hvort ástæða er til að ætla að aukastarfið valdi vanrækslu á þeim störfum sem stöðu hans fylgja, ástæða er til að ætla að það brjóti á einhvern hátt í bága við lögreglustarfið eða það geti með öðrum hætti hamlað því að viðkomandi geti sinnt lögreglustarfinu forsvaranlega.

□ 5. Dómsmálaráðherra setur almennar reglur um hvaða aukastörf teljist heimil.

VI. kafli. Löggæslukostnaður.

■ **33. gr.** *Kostnaður við rekstur lögreglu.*

□ Kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði.

■ **34. gr.** *Sérstakur löggæslukostnaður.*

□ 1. Lögreglustjóra er heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfshafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

□ 2. Enn fremur má í slíkum reglum¹⁾ kveða á um greiðslu kostnaðar af gæslustörfum vegna framkvæmda á almanna-
færi og flutnings á óvenjulegum eða hættulegum farmi þar sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggæslu.

¹⁾ Rgl. 289/2004.

VII. kafli. Kærur á hendur lögreglu.

■ **35. gr.** [1. Kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans skal beina til ríkis-
saksóknara og fer hann með rannsókn málsins.

□ 2. Við meðferð slíkra mála getur ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem lögregla hefur endranær.

□ 3. Lögreglu ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn mála samkvæmt þessari grein eftir því sem óskað er.]¹⁾

¹⁾ L. 29/1998, 6. gr.

VIII. kafli. Lögregluskóli ríkisins.

■ 36. gr. *Hlutverk Lögregluskóla ríkisins.*

□ 1. Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun. Skólinn skal starfrækja grunnnámsdeild er veiti lögreglumenum menntun í almennum lögreflufræðum og framhaldsdeild er veiti starfandi lögreglumönnum símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun.

□ 2. Lögregluskóli ríkisins skal vera vettvangur rannsókna í lögreflufræðum og stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreflu-málefni.

■ 37. gr. *Stjórn Lögrefluskóla ríkisins.*

□ 1. [Ráðherra skipar skólustjóra Lögrefluskóla ríkisins til fimm ára í senn.]¹⁾ Hann skal fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreflustjórar og hafa staðgóða þekkingu á lögreflumálefnum.

□ 2. Við Lögrefluskóla ríkisins skulu starfa yfirlögrefluþjórn og aðstoðaryfirlögrefluþjórn sem dómsmálaráðherra skipar [til fimm ára í senn].¹⁾

¹⁾ L. 83/1997, 32. gr.

■ 38. gr. *Inntaka nýnema og námstílhögun.*

□ 1. Ríkislögreflustjóri auglýsir eftir nemum í skólann um land allt. Hann ákveður fjölda nemenda sem hefja skulu nám ár hvert á grundvelli áætlunar um endurnýjun í lögreflu ríkisins.

□ 2. Lögreflumannsefni skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. [vera íslenskir ríkisborgarar, 20–35 ára, en þó má víkja frá aldurshámarkinu við sérstakar aðstæður].¹⁾

[b. hafa ekki gerst brotleg við refsilög; þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið].¹⁾

[c.]¹⁾ vera andlega og líkamlega heilbrigð og standast lækni-sköðun trúnaðarlæknis,

[d.]¹⁾ hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri [eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms],²⁾ þau skulu hafa gott vald á íslensku, einu Norðurlandamáli auk ensku eða þýsku, þau skulu hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs, lögreflumannsefni skulu synd,

[e.]¹⁾ standast inntökupróf samkvæmt kröfum skólaneftar með áherslu á íslensku og þrek.

□ 3. Valnefnd velur nema í lögrefluskólann úr hópi umsækjenda [og eru ákvarðanir hennar um val nema endanlegar].¹⁾

Nefndina skipa fimm menn, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra, einn af ríkislögreflustjóra, einn af Sýslumannafélagi Íslands, einn af Landssambandi lögreflumanna og einn af skólustjóra Lögrefluskóla ríkisins er skal vera formaður nefndarinnar.

□ 4. [Nám í lögrefluskólanum stendur í a.m.k. tólf mánuði og skiptist í þrjár annir. Fyrsta önn er ólaunuð. Þeim nemum sem standast próf á önninni skal ríkislögreflustjóri sjá fyrir launaðri starfsþjálfun í lögreflu ríkisins í a.m.k. fjóra mánuði. Að lokinni starfsþjálfunarönn tekur við launuð þriðja önn í lögrefluskólanum sem lýkur með prófum.]²⁾

¹⁾ L. 56/2002, 5. gr. ²⁾ L. 49/2000, 1. gr.

■ 39. gr. *Reglugerð um Lögrefluskóla ríkisins.*

□ Dómsmálaráðherra setur í reglugerð¹⁾ nánari fyriræmi um stjórn skólans og starfslið, inntökuskilyrði, námstílhögun og prófkröfur.

¹⁾ Rg. 490/1997.

IX. kafli. Ýmis ákvæði.

■ 40. gr. *Nánari reglur um framkvæmd laganna.*

□ Dómsmálaráðherra setur nánari reglur¹⁾ um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ Rg. 396/1997, sbr. 707/2005 og 894/2005. Rg. 401/1997. Rg. 528/1997, sbr. 716/1997, 603/1998, 467/1999 og 663/2003. Rgl. 289/2004.

■ 41. gr. *Refsingar.*

□ Brot gegn 19.–21. gr. varða fésektum nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum.

■ 42. gr. *Gildistaka.*

□ 1. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

□ ...

■ 43. gr. ...

X. kafli. Ákvæði til bráðabirgða.

■ 44. gr. *Niðurlagning Rannsóknarlögreflu ríkisins. ...*

■ [45. gr. *Undanþága frá aldurskilyrði. ...*]¹⁾

¹⁾ L. 29/1998, 7. gr.

■ [Þeir sem náð hafa 63 ára aldri við gildistöku laga þessara en eru ekki orðnir 65 ára geta innan sex mánaða frá gildistöku laganna óskað eftir því að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Nái þeir 65 ára aldri innan sex mánaða frá gildistöku laganna skulu þeir setja fram slíka ósk áður en þeim aldri er náð. Óski lögreflumaður eftir því að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um hann skal hann senda bréflaga tilkynningu þess efnis til embættis ríkislögreflustjóra.

□ Þeim sem náð hafa 65 ára aldri við gildistöku laganna en eru ekki orðnir 70 ára skal veitt lausn frá embætti í síðasta lagi frá og með 1. maí 2003 nema þeir óski þess fyrir þann tíma að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Skal þá senda bréflaga tilkynningu þess efnis til embættis ríkislögreflustjóra.]¹⁾

¹⁾ L. 56/2002, 7. gr.